

Ed. 400. Frumvarp til laga [204. mál]

um breyting á lögum nr. 97 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Flm.: Stefán Jónsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður:

7) að fara með stjórn Fiskeldissjóðs, sbr. VII. kafla laga þessara.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð, Byggðasjóð og Fiskeldissjóð, svo og um einstakar lánveitingar úr þeim.

3. gr.

Upphaf 13. gr. laganna orðist svo:

Lánadeildin tekur við umsóknum um lán úr Framkvæmdasjóði, Byggðasjóði og Fiskeldissjóði og annast athugun þeirra.

4. gr.

2. málsg. 15. gr. laganna orðist svo:

Handbært fé Framkvæmdasjóðs, Byggðasjóðs og Fiskeldissjóðs skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands.

5. gr.

Á eftir 33. gr. laganna komi ný grein (sem verður 34. gr.) í nýjum kafla (sem verður VII. kafli) með fyrirsögninni Um Fiskeldissjóð. Greinin orðist svo:

Fiskeldissjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 3. gr.

6. gr.

Við bætist ný grein sem verður 35. gr., svo hljóðandi:

Ríkissjóður leggur Fiskeldissjóði til 600 milljónir króna með jöfnum greiðslum á næstu fimm árum, í fyrsta sinn á árinu 1978.

7. gr.

Við bætist ný grein er verður 36. gr., svo hljóðandi:

Fiskeldissjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskeldissjóðs. Nú tekur Fiskeldissjóður lán með gengistryggingu eða vísitölukjörum, og er þá heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurlánum slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á sama hátt.

8. gr.

Við bætist ný grein er verður 37. gr., svo hljóðandi:

Hlutverk Fiskeldissjóðs er að veita lán til fiskeldis, allt að 50% af stofnkostnaði, einnig að veita óafturkræf framlög til grundvallarrannsókna og tilraunastarfsemi á sviði fiskræktar.

9. gr.

Við bætist ný grein er verði 38. gr., svo hljóðandi:

Ákvæði 24. gr. ná einnig til Fiskeldissjóðs.

10. gr.

35. gr. laganna (sem verður 40. gr.) orðist svo:

Framkvæmdasjóður, Byggðasjóður, Fiskeldissjóður og sérstakir sjóðir, sem stofnuninni kann að verða falin umsjón með, greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar samkvæmt þeim hlutföllum, sem ríkisstjórnin ákveður.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hafa aðrar þjóðir, svo sem Sovétmenn, Japanir, Bretar og Norðmenn þegar byrjað fiskeldi í sjó með góðum árangri. Eru þegar tiltækar upplýsingar um niðurstöður erlendra rannsókna á þessu sviði og um árangur þar sem fiskirækt hefur verið komið upp á grundvelli þeirra. Nefna má laxeldi sem Norðmenn stunda nú í sjó með furðugóðum árangri og nota úrgang frá fiskiðjuverum til fóðrunar. Hefur nýting þessa ódýra fóðurs verið sérlega drjúg, þannig að fjögur til sex kílógrömm af fiskúrgangi nægja til framleiðslu á einu kílógrammi af laxi. Miðað við núgildandi verðlag á þessu fóðri og markaðsverð á laxi mun óhætt að fullyrða að í engri grein búskapar sé fóðurkostnaður jafnlíttill og í fiskeldi, enda mun fisk-

úrgangurinn, sem Norðmenn nota í þessu skyni, gefa meira verð en sjálf matvaran sem fiskiðjuverin skila frá sér í beinni framleiðslu.

Ljóst er að hér á landi fellur til fiskúrgangur sem nægja mundi til framleiðslu á þúsundum lesta af dýrmætum matfiski — og ef reiknað er með hagnýtingu loðnu og annars bræðslufisks í þessu skyni, þá til framleiðslu á tugþúsundum lesta af laxfiski. Tilraun, sem gerð hefur verið hér á landi á vegum Fiskifélags Íslands til laxeldis í sjó, bar ekki þann ávöxt sem menn gerðu sér vonir um, enda var til hennar stofnað af vanefnum í ýmsum skilningi. Þó má til sanns vegar færa að þar hafi ekki með öllu verið til einskins unnið, því sannreynt var að sjór á svæðinu frá Austfjörðum norður um landið alla leið í Hvalfjörð er of kaldur til þess að þar verði alinn laxfiskur svo einhlítt sé, þar eð fiskurinn horast á vetrum og nær ekki að vaxa. Þetta á við um allt strandsvæðið þar sem firðir og vogar bjóða upp á nauðsynlegt skjól fyrir haföldu til þess að haga mætti fiskeldinu með svipuðum hætti og þeim sem Norðmenn hafa upp tekið. Þrátt fyrir athyglisverðan árangur, sem náðst hefur við laxaeldi í sjó á Fáskrúðsfirði, má þetta heita algild ályktun, og því sýnt að við hljótum að bregða á annað ráð hérlandis.

Nú hafa verið gerðar merkilegar undirstöðutilraunir á þessu sviði af hálfu líffræðistofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við embætti veiðimálastjóra, þar sem einkum er fjallað um áhrif umhverfisþátta á vöxt og þroska laxfiska. En fjárskortur hefur staðið í vegi fyrir því, að þær tilraunir yrðu til lykta leiddar, og torvelað jafnframt uppsetningu þeirra eldisstöðva sem nauðsynlegar eru til sannprófunar á niðurstöðum þessara tilrauna.

Fyrrgreindar tilraunir, sem gerðar hafa verið af hálfu íslenskra líffræðinga, hafa m. a. beinst að kynblöndun laxfiska þeirra sem best sameina vaxtarhraða og saltþol tveggja tegunda, og einnig að því, hvert vera muni æskilegt hlutfall seltu og hitastigs eldisvatnsins. Enda þótt lokaniðurstöður fyrrgreindra rannsóknna liggi ekki fyrir þykja líkur benda til þess að fiskaeldi með þessum hætti nái ekki fullri hagkvæmni annars staðar en þar sem hægt er að hita upp sjóinn, annaðhvort með jarðvarma eða heitu afrennslisvatni frá fiskiðjuverum, og þá jafnframt að stjórna seltustigi afrennslisvatnsins. Hins vegar hagar svo til mjög víða, að tiltækt er heitt vatn í þessu skyni. Við flest fiskiðjuverin utan jarðhitasvæðanna er bæði aðstaða til að koma upp eldisþróum og nægileg heitt vatn frá vélum til þess að halda eldisjónum volgum, og má heita að nú vanti ekki nema þann herslumun sem fjárveitingavaldið eitt getur látið í té, til þess að hægt sé að ljúka tilraununum og hefja fiskirækt í stórum stíl í volgum sjó viðs vegar um landið.

Frá því frumvarp þetta var flutt í upphafi hér á hv. Alþingi, hefur það gerst, að tveir íslenskir líffræðingar, þeir Eyjólfur Friðgeirsson fiskifræðingur og prófessor Sigurður St. Helgason, sem stýrt hefur fyrrgreindum tilraunum af hálfu Háskólans, hafa af eigin rammleik ráðist í það að koma upp nauðsynlegri eldisstöð sem nýti heitan jarðsjó. Til þess hafa þeir ekki fengið annan styrk af opinberri hálfu en þann, að ríkið leigir þeim tuttugu hektara landssvæði úr Húsatóftalandi í grennd við Grindavík, og sjálfir hafa þeir orðið að selja íbúðarhúsnæði sitt og kosta til al-eigu sinni að öðru leyti til þess að geta hafið þar framkvæmdir, og er þó þorin von að til hrökkvi ef ekki verður greitt fyrir þeim af opinberri hálfu svo um munar.

Svo sem fyrr segir hafa tilraunir sérfræðinga okkar á þessu sviði fyrst og fremst beinst að eldi lax og silungs, en líkur benda til þess að þeirra dómi, að hægt sé að rækta á sama hátt í stórum stíl ýmiss konar verðmæt skeldýr og krabhadýr, og hentaði sá búskapur vel með eldi fyrrgreinds sporðfénaðar. Auk þess liggja fyrir upplýsingar um tilraunir erlendis með ræktun ýmissa verðmætra sjávarfiska sem vel mundu henta til eldis hér á landi og þá einkum, sem að líkum lætur, á þeim svæðum þar sem tiltækur er heitur jarðsjór. Í þessu sambandi er eðlilegt að hugleiða sérstaklega möguleika á því að nýta jarðsjó þann sem til mun falla í sambandi við fyrirhugaða sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi — og geta má þess, að líkur þykja benda til þess að álíka aðstaða muni vera til fiskiræktar í Öxarfirði norður.

Að endingu má geta þess, að margt bendir til þess að dómi líffræðinganna, að nytja megi þessa sérstöku aðstöðu, sem heiti jarðsjórinn myndar, til þess að tryggja okkur gegn áföllum af völdum breytilegra náttúruskilyrða í sambandi við hrygningu ýmissa helstu nytjafiskanna á grunnslóðinni kringum landið. Þannig má ætla, að ef fjármagn fengist til þess að fullgera rannsóknir með kjörfæðu þorsklirfunnar, þá yrði unnt að ala upp þorsklifur í volgum sjó í tiltölulega litlum eldistjörnum og flytja síðan á þau hafsvæði þar sem skilyrði væru örugg til uppvaxtar kringum landið og tryggja með þeim hætti viðgang þorskstofnsins, svo að við þurfum ekki að eiga afkomu okkar svo mjög sem nú er undir duttlungum veðráttu á hrygningarstöðvunum og óviðráðanlegum umhleypingum sjávarstrauma. Að dómi flutningsmanna nær það engri átt, að ekki skuli varið verulegu fjármagni til þess að ljúka megi tilraunum á þessu sviði.